

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM BRUNAVARNIR

Mál nr. 376. Lagt fyrir Alþingi á 135.löggjafarþingi.

Sveitarfélagið Ölfuss hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Umsagnarfrestur er til 11. apríl n.k. Hér fara á eftir athugasemdir skipulags- og byggingarfulltrúa. Sveitarfélagið Ölfus áskilur sér rétt til að koma með ábendingar/athugasemdir á seinni stigum.

3. gr.

Liður b. Fagna því að komin er skilgreining hugtaksins mannvirki. Til er úrskurður um að hús sem ekki er varanlega skeytt við jörð þurfi ekki byggingarleyfi, s.s. garðhús og minni svefnskálar. Í lið b er rætt um jarðfastar framkvæmdir. Fram kemur í lið b, að til mannvirkja teljast einnig tímabundnar lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað..... Skoða þarf þá úrskurði sem til eru um mannvirki sem ekki eru varanlega skeytt við jörðu, þurfa ekki byggingarleyfi og eru þá ekki skráð.

7. gr.

Byggingarstofnun starfrækir Brunamálaskóla sem ætlaður er slökkviliðsmönnum, þ.m.t. slökkviliðsstjórum og eldvarnareftirlitsmönnum.

Gerð er athugasemd við þessa grein. Eftir að Brunamálstofnun er kominn inn í Byggingarstofnun sem einnig fer m.a. með máli byggingarfuii trúa, er gerð sú krafa að byggingarfulltrúar hafi einnig aðgengi að þessum skóla.

9. gr.

Í lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 er a-liður orðaður svo (12. grein):

Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

a. hafa í samvinnu við byggingarfulltrúa eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu:

a. framkvæma í samvinnu við byggingarfulltrúa öryggisúttekt og eftir atvikum lokaúttekt, sbr. lög um mannvirki, gefa umsagnir um brunavarnir við meðferð byggingarleyfisumsókna óski byggingarfulltrúi þess og hafa þannig eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

Umsögn:

Þetta er til bóta og ætti að einfalda og væntanlega flýta meðferð mála.

Byggingarfulltrúi óskar eftir álitum eldvarnareftirlits í stað þess að ganga eftir að umsækjandi leiti sjálfur eftir henni.

Í lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 er c-liður orðaður svo (12. grein):

Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

c. hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að leyfi sveitarfélagsins samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrræða skv. VIII. kafla laga þessara og VI. kafla skipulags- og byggingarlaga ef þörf krefur. Ef ljóst þykir að hætta skapist af slíkri búsetu skal enn fremur kæra málið til lögreglu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu:

c. hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrræða skv. VIII. kafla laga þessara og X. kafla laga um mannvirki ef þörf krefur.

Umsögn:

Hér er breytt tilvísunum í lög, mannvirkjalög í stað skipulags- og byggingarlaga, sem væntanlega falla úr gildi verði löggin samþykkt samtímis. Einnig fellur brott kæra til lögreglu, þar sem viðurlög í brunavarnalögum og mannvirkjalögum (dagsektir m.fl.) þykja nægja.

F.h. skipulags-, byggingar- og umhverfisnefndar Ölfuss

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi